



Samtakahópurinn, haldinn 17.mars 2022 kl.10.00 í Fjörheimum/88 Húsinu að Hafnargötu 88

Mætt: Davíð Már Gunnarsson, María Guðmunda Pálsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, Fríða Guðlaugsdóttir, Linda Sif Leifsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Elísabet Kolbrún Eckhard, Heiða Ingimundardóttir, og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1.mál Ungmennaráð Reykjanesbæjar

Davíð Már Gunnarsson forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins kynnti fyrir Samtakahópnum helstu verkefni sem eru fram undan hjá Ungmennaráði Reykjanesbæjar, en bæjarráð samþykkti nýlega að ungmennaráð fengi áheyrnarfulltrúa í nefndir og ráð bæjarins. Ungmennaráðið er einmitt í dag að taka þátt í ráðstefnu á vegum Unicef. Samtakahópurinn þakkar Davíð Má fyrir góða kynningu.

2.mál. Ungmennaping í Reykjanesbæ - niðurstöður

Hjörtur Magni Sigurðsson verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags mætti á fundinn og kynnti stöðu mála varðandi framkvæmd og niðurstöður Ungmennapings Reykjanesbæjar sem var haldið þann 7. október 2021. Hjördís Baldursdóttir íþróttastjóri Keflavíkur og Hámundur Örn Helgason íþrótt- og framkvæmdastjóri Keflavíkur sátu fundinn undir þessum lið.

Meðal niðurstaða frá ungmennapinginu kom fram að ungmennin telja að kynna megi betur hvatagreiðslur sem íþróttir og tómstundir fyrir þeim á skólatíma. Íþrótt- og tómstundafulltrúa ásamt íþróttastjórum félaganna falið að útbúa kynningu sem verði tilbúin til kynningar í grunnskólunum í haust.

Samtakahópurinn þakkar Hirti Magna Sigurðssyni fyrir greinargóða kynningu.

3.mál Hinsegin Plútó

Erindi frestað til næsta fundar, vegna veirunnar skæðu.

4.mál forvarnardagur ungra ökumanna

Davíð Már Gunnarsson, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins sagði frá forvarnardegi ungra ökumanna sem haldinn verður 23. mars næstkomandi. Markmið forvarnardagsins er að fræða ungmenni, sem mörg hver taka bílprófið á næstu misserum, um þá ábyrgð sem því fylgir að vera í umferðinni. Einnig að fræða þau um ýmsa þætti sem tengjast því að vera ungur og óreyndur ökumaður. Má þar nefna hættu sem skapast við hraðakstur, áhrif ölvunar á hugarástand og ökufærni, þátt trygginga þegar kemur að bílslysum og ýmislegt fleira. Meginmarkmið forvarnardagsins er að fækka umferðarslysum og auka öryggi í umferðinni.

https://www.youtube.com/watch?v=t_HdSXzOzxl

5.mál fristundir.is

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir það fjölbreytta íþrótt- og tómstundatilboð sem í boði er í Reykjanesbæ. Meðal nýunga er Rafíþróttadeild Keflavíkur, Siglingafélagið Knörr sem er verið að endurvekja sem og hið nýja borðtennisfélag Reykjanesbæjar svo eitthvað sé nefnt.

<https://youtu.be/f-T80SgFCXU>

6.mál samkomulag við veitingamenn í Reykjanesbæ

Kristján Freyr Geirsson og Hafþór Birgisson upplýstu Samtakahópinn um að þeir munu heimsækja þau sem reka skemmtistaði í Reykjanesbæ. Markmið með heimsókninni er að yfirfara þann samning sem að Reykjanesbær er með við veitingamenn um að skemmtistaðir sveitarfélagsins séu eins öruggir og frekast er kostur.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11.30



UNGMENNARÁÐ
REYKJANESBÆJAR

*Stjórn Ungmennaráðs
Reykjanesbæjar
starfsárið 2022-2023*

@UNGRNB



Betsý Ásta Stefánsdóttir

Formaður UNGRNB

*Áheyrnarfulltrúi UNGRNB í menningar og atvinnuráði Reykjanesbæjar
Fulltrúi Íslands í alþjóðlegri ráðgjafanefnd barna og ungmenna á vegum Unicef*



Hermann Borgar Jakobsson

Varaformaður UNGRNB

áheyrnarfulltrúi UNGRNB í Íþróttá og tómsundaráði Reykjanesbæjar



Margrét Norðfjörð Karlsdóttir

Umhverfis og loftlagsfulltrúi UNGRNB

áheyrnarfulltrúi UNGRNB í Umhverfis og skipulagsráði Reykjanesbæjar



Sesselja Ósk Stefánsdóttir

Velferðarfulltrúi UNGRNB

áheyrnarfulltrúi UNGRNB í Velferðarráði Reykjanesbæjar



Ragnheiður Anna Jónsdóttir

Lýðheilsufulltrúi UNGRNB

áheyrnarfulltrúi UNGRNB í lýðheilsuráði Reykjanessbæjar



Jón Garðar Arnarsson

*Skóla og fræðslufulltrúi UNGRNB
áheyrnarfulltrúi UNGRNB í Fræðsluráði Reykjanesbæjar*



Silja Kolbrún Skúladóttir

Nýsköpunarfulltrúi UNGRNB

áheyrnarfulltrúi UNGRNB í Framtíðarnefnd Reykjanesbæjar




Nadía Líf Pálsdóttir

Meðstjórnandi



Jón Logi Víðisson

Meðstjórnandi



Íris Sævarsdóttir

Ritari UNGRNB

Situr í ungmennaráði heimsmarkmiða Barnasáttmálans